




AÐALSKIPULAG BLÁSKÓGABYGGÐAR 2015-2027

Breyting á aðalskipulagi vegna uppbyggingar á Þingvöllum

12.12.2023



Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann _____

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann _____

SKIPULAGSFERLI

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá: _____ með athugasemdafresti til: _____

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: _____ með athugasemdafresti til: _____

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: _____

UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

104018-GRG-001-V04

HÖFUNDUR

Anna Katrín Svavarsdóttir

RÝNT

Ingibjörg Sveinsdóttir

EFNISYFIRLIT

1.	INNGANGUR	5
1.1.	Skipulagsgögn	5
1.2.	Markmið breytinga	5
2.	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	5
2.1.	Skipulagssvæðið, staðhættir og forsendur	5
2.2.	Stækkun á verslunar- og þjónustusvæði VÞ2	7
2.3	Nýtt vatnsból og vatnsverndarsvæði	8
2.4	Nýtt verslunar- og þjónustusvæði við Valhallarstíg Nyrðri 8	9
2.5	Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027	10
2.5.1	Frístundabyggð	10
2.5.2	Verslun og þjónusta	10
2.5.3	Óbyggð svæði eða svæði með takmörkunum	11
2.5.4	Samgöngur	12
2.5.5	Fráveita	13
2.5.6	Verndarsvæði og minjar	13
2.5.7	Vatnsvernd	14
2.6	Tengsl við aðrar áætlanir	14
2.6.1	Landsskipulagsstefna 2015-2026	14
2.6.2	Vatnaáætlun Íslands 2022-2027	15
2.6.3	Deiliskipulag	15
2.6.4	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum – Friðlýsing	15
2.6.5	Minjaskráning	16
2.6.6	Vatnsverndarsvæði Þingvallavatns	16
3.	BREYTING Á AÐALSKIPULAGI	16
3.1.	Frístundabyggð	16
3.2.	Verslun og þjónusta	17
3.3.	Óbyggt svæði	18
3.4.	Stofnvegir á hálendi	18
3.5.	Vatnsvernd	18
4.	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	19
4.1.	Vægi umhverfisáhrifa	19
4.2.	Umhverfisþættir, matsspurningar og viðmið	19
4.3.	Valkostir og samanburður	20
4.4.	Stækkun á verslunar- og þjónustusvæði VÞ2, ásamt nýjum vatnsbólum og verndarsvæðum	21
4.5.	Nýtt verslunar- og þjónustusvæði við Valhallarstíg	23
4.6.	Niðurstaða umhverfismats	25
5.	MÁLMEÐFERÐ OG UMSAGNARAÐILAR	25
5.1.	Skipulags- og matslýsing	25
5.2.	Umsagnaraðilar	26
5.3.	Skipulagsferlið	26

1. INNGANGUR

Bláskógabyggð leggur hér fram breytingu á Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027, skv. 1. mgr. 36 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, ásamt umhverfismatsskýrslu skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Viðfangsefni þessarar breytingar er þríþætt og tengist uppbyggingu innviða innan Þjóðgarðsins á Þingvöllum. Í fyrsta lagi er það stækkun á verslunar- og þjónustusvæðinu VP2 þar sem gert er ráð fyrir byggingu tveggja nýrra þjónustumiðstöðva og öðrum innviðum, s.s. 550 - 700 bílastæðum. Í öðru lagi er það staðsetning tveggja nýrra vatnsbóla og skilgreining vatnsverndarsvæða (brunn-, fjar- og grannsvæða). Síðan í þriðja lagi er það nýtt verslunar- og þjónustusvæði við Valhallarstíg, sunnan við Kúatorfu (Valhallarstígur Nyrðri 8).

1.1. Skipulagsgögn

Gerð er breyting á greinargerð og aðalskipulagsupprætti. Breytingin er sett fram í greinargerð þessari og á skipulagsupprætti, sem sýnir gildandi skipulag og breytt skipulag.

1.2. Markmið breytinga

Með fjölgun gesta, breyttum tíðaranda, nýjum áherslum og framtíðaráskorunum er þörf á breytingu á Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 er varðar uppbyggingu innan Þjóðgarðsins á Þingvöllum. Meginmarkið þessara breytinga eru:

- Að stuðla að vernd einstakrar náttúru og menningarminja.
- Að bæta aðgengi gesta að vesturhluta þjóðgarðsins með gerð nýrra innviða og auka þjónustu við gesti.
- Að stuðla að bættri umferðarstýringu innan svæðisins og draga úr umferð ökutækja innan sigdældarinnar, s.s. innan Þinghelginnar.

2. FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

2.1. Skipulagssvæðið, staðhættir og forsendur

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum er friðlýstur helgistaður íslensku þjóðarinnar. Þjóðgarðurinn er 22.788,7 ha að stærð¹ og er á heimsminjaskrá UNESCO. Jarðsaga Þingvalla og vistkerfi Þingvallavatns mynda einstaka heild. Þá er Þingvallasvæðið hluti af flekaskilum Atlantshafshryggjarins og þar má sjá afleiðingar gliðunar jarðskorpunnar í gjám og sprungum. Fyrir um 10.000 árum gaus í dyngju sunnan við Hrafnabjörg sem Þingvallahraun rann frá og myndaði eldborgagíggaröð en Þingvallahraun umlykur norðanvert Þingvallavatn.

Birkiskógur er einkennandi fyrir Þingvallarsvæðið og í þjóðgarðinum hafa verið greindar 172 tegundir háplantna sem er um 40% íslensku flórunnar. Þingvallavatn er stærsta stöðuvatn á Íslandi, mesta dýpi

¹ Umhverfisstofnun (á.á). *Þjóðgarðurinn Þingvellir*. Sótt þann 20. nóv. á vef <https://ust.is/nattura/naturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/sudurland/thjodgardurinn-thingvellir/>

vatnsins er 114 metrar og að staðaldri lifa 52 fuglategundir við vatnið. Vatnsvið Þingvallavatns hefur sömu stefnu og sprungurnar á svæðinu en tilvist þess er nátengd jarðsögu svæðisins. Aðeins um 1/10 hluti innrennslis í Þingvallavatn er yfirborðsvatn. Á Þingvöllum hefur bæði orði vart við ref og mink².

Fjöldi ferðamanna sem sækja Þingvelli er vaxandi, að undanskildum Covid árunum. Árið 2018 gengu rúmlega 1,6 milljón gestir um Almannagjá. Einnig hefur orðið sú breyting á að gestum fjölgar yfir vetrartímann³. Árin 2014-2015 var lögð spurningakönnun fyrir gesti Þingavallaþjóðgarðs. Markmiðið með könnuninni var að kanna þolmörk ferðamannastaða út frá upplifun ferðamannsins. Á Þingvöllum töldu 20% aðspurðra um sumarið að fjöldi ferðamanna væru of margir eða heldur margir. Þá upplifðu 65% sumargesta þjóðgarðsins að svæðið væri mjög aðgengilegt en 52% gesta um veturinn. Á Þingvöllum tóku 8% svarenda eftir miklum gróðurskemmdum af völdum ferðamanna (um sumarið) og 3% svaranda tók eftir miklum skemmdum á jarðvegsmyndunum af völdum ferðamanna (um sumarið). Síðan upplifðu 7% ferðamanna svæðið manngert (um sumarið). Gestir voru jafnframt spurðir með hvaða ferðamáta þeir komu til Þingvalla og niðurstaðan var að rúmlega 56% komu á bílaleigubíl eða einkabíl en 37% með hópferðabíl⁴.

Árið 2014 var ástand náttúrufars í þjóðagarðinum á Þingvöllum metið. Í matinu kom fram að gróðurfari hafði hnignað þar sem flestir ferðamenn fara um og álagið er mest. Einnig að skýr merki þess að uppbygging við Hakið og Öxarárfoss hefur skilað árangri og dregið úr frekari skemmdum á gróðri. Þá kemur fram að mestu álagssvæðin eru við Silfru og Flosagjá þar sem gróðurþekjan er rofin og moldarflög áberandi. Einnig hefur svæðið meðfram Vallagjá látið á sjá. Bent er á að draga megí úr álagi á náttúrufari með því að stýra og dreifa ferðamönnum um garðinn og jafnframt fjölga útsýnisstöðum⁵.

Gestum þjóðgarðsins sem stunda köfun og yfirborðsköfun í Silfru hefur jafnframt fjölgað. Árið 2019 kom út þolmarkagreining fyrir Silfru þar sem skoðaðir voru fjórir þolmarkaþættir. Þ.e. innviðir, umhverfi, öryggi og upplifun/ásýnd. Út frá þeim gögnum sem fyrir lágu þá, þá var niðurstaðan að engin augljós merki voru um að þolmörkum hafi verið náð⁶.

Síðla sumars og haustið 2020 (á tímum heimsfaraldurs) var lögð fyrir gesti þjóðgarðsins gestakönnun, þar sem gestir voru látnir meta ástand svæða. Niðurstaðan sýndi að stór hluti gesta var jákvæður í mati sínu á umhverfi þeirra áfangastaða sem þeir heimsóttu. Þó var á einstaka áfangastað innan þjóðgarðsins þar sem gestir mátu ástand umhverfis mjög óástættanlegt eða lýstu mati sínu á stöðunum á neikvæðan hátt. Þetta átti t.d. við um umhverfi Silfru og umhverfið þar í kring og umhverfið í kringum þjónustumiðstöðina á Leirum. Þá voru gestir látnir meta hversu ánægðir eða óánægðir þeir voru með

2 Þingvellir Þjóðgarður (á.á). Náttúra. Sótt þann 24. nóv. 2023 á vef <https://www.thingvellir.is/fraedsla/nattura/>

3 Þingvellir (2022). Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, Starfsskýrsla 2017-2021. Þingvallanefnd.

4 Anna Dóra Sæþórsdóttir, Anna Mjöll Guðmundsdóttir og Þorkell Stefánsson (2016). Þolmörk ferðamannastaða á átta vinsælum ferðamannastöðum á Suður- og Vesturlandi. Ferðamálastofa og Háskóli Íslands.

5 Ásrún Elmarsdóttir og Lovísa Ásbjörnsdóttir (2014). Áhrif ferðamennsku á náttúrufar þjóðgarðsins á Þingvöllum.

6 Andri Rafn Yeoman, Nathan Reigner og Ólafur Árnason (2019). Þolmarkagreining fyrir Silfru – köfun og yfirborðsköfun í Þingvallapjóðgarði. Efla.

aðstöðu og þjónustu í þjóðgarðinum. Heilt yfir var meirihluti svarenda mjög ánægður með alla þætti en þó voru sumir þættir umdeildari en aðrir s.s. upplýsingaskilti og leiðarvísar⁷.

Á síðustu árum hefur verið unnið að því að stýra flæði gesta innan þjóðgarðsins og markvist dregið úr óþarfa umferð í gegnum Þinghelgina, Efri Velli og Fögrubrekku. Þá stendur til að draga enn frekar úr umferð ökutækja innan sigdældarinnar. Það verður gert með því að fækka til muna bílastæðum og loka Efrivallavegi fyrir almenna umferð, en nú eru hátt í tíu svæði þar sem bílum er nú lagt og einnig er bílum lagt í vegkanta á háannatíma. Þá stendur til að koma upp gjaldskyldu á öllum helstu bílastæðum innan þjóðgarðsins.

Í núverandi þjónustumiðstöð þjóðgarðsins á Leirum er hægt að nálgast allar almennar upplýsingar, þar er einnig að finna kaffi- og veitingaaðstöðu, ásamt lítilli verslun. Gestastofa þjóðgarðsins er við Hakið og þar er upplýsingagjöf til gesta, sýningarsalur og fjölnota salur svo eitthvað sé nefnt. Auk þess er þar veitingasala og lítil verslun. Nú eru u.þ.b. 300 bílastæði við Hakið og á háannatíma yfir sumarið má gera ráð fyrir að þörf sé á a.m.k. 100 stæðum til viðbótar. En frá því að Hótel Valhöll brann árið 2009 hefur ákveðinn hópur gesta þjóðgarðsins kallað eftir sambærilegri aðstöðu, s.s. veitingastað eða kaffihúsi.

Innan Þingvallajarðarinnar er eitt skilgreint brunnsvæði vatnsbóls og það er Hakið VB3, sem er vatnsból sem er ætlað að þjóna byggingum á Þingvöllum. Vegna jarðfræðilegra aðstæðna er kostnaðarsamt að grafa lagnaskurði, ásamt því að það veldur raski á gróðri og jarðmyndunum. Því hefur verið talið heppilegra að bora eftir neysluvatni á hverjum stað fyrir sig.

Frágangur fráveitu er nokkuð mismunandi innan svæðisins. Við gestastofu þjóðgarðsins við Hakið er lokað fráveitukerfi og öllu keyrt burtu. Við stakstæð hús innan verndarsvæðisins eru í mörgum tilvikum hefðbundnar rotþrær.

2.2. Stækkun á verslunar- og þjónustusvæði VP2

Unnin var valkostagreining fyrir staðsetningu á nýrri þjónustumiðstöð fyrir þjóðgarðinn þar sem bornir voru saman kostir og gallar fjögurra valkosta. Í öllum fjórum tillögum var gert ráð fyrir 300 bílastæðum, 10 rútustæðum og að litlar rútur/strætó verði með áætlunarferðir frá þjónustumiðstöðvunum að Þinghelginni, með nokkrum vel völdum stoppistöðum á leiðinni⁸. Þá er gert ráð fyrir að strætóinn verði rafknúinn og mun akstur hans takmarkast við núverandi vegi.

Aðalskipulagsbreyting þessi gerir ráð fyrir að stækka verslunar- og þjónustusvæðið VP2, annars vegar stækkun til suðurs og hins vegar stækkun handan Þingvallavegar, heildarstærð verður þá 27,4 ha. Samhliða mun fyrirhuguð veglína Kaldadalsvegar færast u.þ.b. 90 metra til vesturs. Svæðið sunnan við núverandi verslunar- og þjónustusvæði VP2 er skilgreint sem óbyggt svæði, ásamt því að vera friðlýst (þjóðgarðurinn á Þingvöllum). Svæðið einkennist af lynggróðri og mosavöxnu hrauni. Svæðið hallar

7 Jóna Kolbrún Sigurjónsdóttir (2021). Þingvellir til framtíðar: Álagsmat í þjóðgarðinum á Þingvöllum. MS-Ritgerð. Landbúnaðarháskóli Íslands.

8 Landslag (á.á). Mögulegir staðsetningarmöguleikar þjónustumiðstöðvar. Óbirt minnisblað.

lítillaga til suðurs og er að mestu leiti lítt raskað. Sjáanlegt rof er í gróðurhulu. Vistgerðir eru lynghraunavist og mosahraunavist⁹. Engar skráðar minjar eru á svæðinu¹⁰. Svæðið norðan við Þingvallaveg er skilgreint sem óbyggt svæði og er einnig friðlýst (Þjóðgarðurinn á Þingvöllum). Svæðið einkennist af lágvöxnum kjarr- og lynggróðri og mosavöxnu hrauni. Svæðið hallar lítillaga til suðurs og er að mestu leiti lítt raskað. Vistgerðir eru lynghraunavist og mosahraunavist¹¹. Við Þingvallaveg hefur verið komið fyrir útskoti og þvert í gegnum svæðið liggur slóði. Engar skráðar minjar eru á svæðinu¹².

Innan svæðisins VP2 eru fyrirætlanir um byggingu tveggja nýrra miðstöðva, annars vegar nýja þjónustumiðstöð fyrir þjóðgarðinn (á vestari barmi sigdældarinnar) og hins vegar nýja miðstöð fyrir rekstraraðila (við nýjan Kaldadalsveg). Gert er ráð fyrir að bygging á nýrri þjónustumiðstöð fyrir þjóðgarðinn ásamt bílastæðum verði 200 metra suðvestan við núverandi bílastæði við Þingvallaveg (við Langastíg). Jafnframt er gert ráð fyrir nýjum stígum sem tengjast núverandi stígakerfi Þingvalla. Síðan er gert ráð fyrir að bygging á nýrri miðstöð fyrir rekstraraðila verði norðan við Þingvallaveg, í landi Svartagils. Gert er ráð fyrir að vegtenging að miðstöðinni verði frá nýrri veglínu Kaldadalsvegur (nr. 550). Við hvora þjónustumiðstöð er gert ráð fyrir u.þ.b. 250-350 bílastæðum og allt að 15 rútustæðum. Samhliða byggingu miðstöðvar fyrir þjónustuaðila er gert ráð fyrir að loka núverandi bílastæði og svæði fyrir aðstöðu þeirra í sigdældinni en rekstraraðilar hafa notað sendibíla/hópferðabíla fyrir búnað og aðstöðu starfsfólks. Með þessum breytingum mun rekstraraðilar hafa tækifæri til að byggja upp varanlega aðstöðu. Þá er gert ráð fyrir að áætlunarferðir verði með rafstrætó frá þjónustumiðstöðvunum að Þinghelginni með nokkrum stoppistöðvum á leiðinni, en akstur hans mun fara fram á núverandi vegum. Samhliða þessari uppbyggingu verður öðrum bílastæðum fækkað, s.s. við Þinghelgina og á Efri Völlum. Bílastæðum fækkar um ca. 200.

2.3 Nýtt vatnsból og vatnsverndarsvæði

Gert er ráð fyrir tveimur nýjum vatnsbólum vegna fyrirhugaðar byggingar tveggja nýrra miðstöðva (sjá kafla 2.2). Annað vatnsbólið er staðsett í u.þ.b. 100 m fjarlægð, suðvestan, við núverandi bílastæði við Þingvallaveg. Hitt vatnsbólið er staðsett norðan við fyrirhugaða miðstöð fyrir rekstraraðila, eða rúmlega 200 m norðan við Þingvallaveg. Berggrunnur á svæðinu er vel vatnsgengur, bæði vegna þess hve gropið bergið er og vegna sprungulektar. Vegna mikillar lektar er svæðið nokkuð viðkvæmt fyrir mengun en að sama skapi er blöndun hröð og mengun ætti að þynnast út nokkuð hratt. Á svæðinu er lítið um jarðveg þannig að regnvatn hripar nokkuð óhindrað niður í grunnvatnið. Þá er gert ráð fyrir sameiginlegu grannsvæði fyrir báðar borholurnar, við afmörkun á grannsvæði var tekið tillit til endurnýjunartíma og rennislifstefnu vatns innan hraunsins (sjá mynd 1)¹³.


9 Náttúrufræðistofnun Íslands (á.á). Vistgerðarkort og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi. Sótt þann 20. nóv. 23 á vef ni.is

10 Minjastofnun Íslands (á.á). Minjavefsjá. Sótt þann 21. nóv. 23 á vef minjastofnun.is

11 Náttúrufræðistofnun Íslands (á.á). Vistgerðarkort og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi. Sótt þann 20. nóv. 23 á vef ni.is

12 Minjastofnun Íslands (á.á). Minjavefsjá. Sótt þann 21. nóv. 23 á vef minjastofnun.is

13 EFLA (2023). Bláskógabyggð aðalskipulagsbreyting Þingvellir. Óbirt minnisblað.



MYND 1. Vatnsverndarsvæði Snókagjár á Þingvöllum.

2.4 Nýtt verslunar- og þjónustusvæði við Valhallarstíg Nyrðri 8

Gert er ráð fyrir nýju verslunar- og þjónustusvæði við Valhallarstíg Nyrðri 8. Svæðið er skilgreint sem frístundabyggð í gilandi aðalskipulagi og er jafnframt friðlýst (Þjóðgarðurinn á Þingvöllum). Svæðið hallar að Þingvallavatni og einkennist af mosavöxnu hrauni, mólendi og trjá- og runnagróðri. Ein skráð fornleif er á svæðinu eða í nágrenni þess. Vallhallarstígur Nyrðri 8 stendur við Vallhallarstíg en aðkoma að honum er um Valhallarveg (nr. 363). Valhallarvegur er skilgreindur frá Vallavegi (nr. 361) að Valhöll. Valhallarstígur er einbreiður malarvegur/stígur og Valhallarvegur er u.þ.b. 5 m breiður vegur með bundnu slitlagi. Hámarks hraði á Valhallarvegi er 15 km/klst. og er hann aðeins opinn fólksbílum, en vegurinn er jafnframt notaður sem gönguleið.

Fyrirhuguð uppbygging felst í því að komið verði á fót veitingasölu og/eða verslun í núverandi byggingu. Einnig er gert ráð fyrir að möguleiki sé á að stækka núverandi byggingu og/eða reisa nýbyggingu innan svæðisins. Þá sé horft til þess að hægt sé að tengja byggingar saman með tengibyggingu. Gert er ráð fyrir að hægt sé að taka á móti 50-80 viðskiptavinum í einu og að viðeigandi fráveitu verði komið upp. Innan svæðisins er gert ráð fyrir fáum bílastæðum t.d. fyrir hreyfihamlaða, ásamt svæði fyrir þjónustu- og neyðarþjónu. Þá er gert ráð fyrir að stærstur hluti viðskiptavina komi gangandi að svæðinu. Áfram er gert ráð fyrir að Valhallarstígur verði einbreiður vegur en á honum verði þó gerðar endurbætur.

2.5 Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027

Hér fyrir neðan er umfjöllun úr gildandi Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 fyrir þá þætti sem aðalskipulagsbreyting þessi nær til, hvort sem um ræðir stækkun, skerðingu, breytingu ákvæða eða annað.

2.5.1 Frístundabyggð

Innan þjóðgarðsins er skilgreind frístundabyggð - F12 og í töflu 1 má sjá ákvæði frístundabyggðarinnar.

TAFLA 1: Ákvæði frístundabyggðar.

FRÍSTUNDABYGGÐ			
Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
F12	Innan þjóðgarðs á Þingvöllum	Ekkert deiliskipulag í gildi. Um 70 lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 75 ha.	Kárastaðir, Brúsastaðir

Meðal markmiða fyrir frístundabyggð er eftirfarandi:

- Sameiginlegar veitur verði þar sem þéttleiki byggðar og náttúrufarslegar aðstæður leyfa.
- Frístundabyggð verði að jafnaði ekki heimiluð á svæðum sem eru mikilvæg eða verðmæt vegna náttúrufars, auðlinda, náttúruvár, sögu eða almenns útivistargildis. Þau verði heldur ekki á góðu ræktunarlandi eða á svæðum sem skilgreind eru sem hættusvæði vegna náttúruvár.

Meðal leiða að markmiðum eru eftirfarandi:

- Frístundabyggð verði sem mest á samfelldum svæðum, þannig að vegir og veitur nýtist sem best.
- Skipulag byggðar taki mið af því að halda opnum gömlum og hefðbundnum göngu- og reiðleiðum og almennum gönguleiðum milli aðliggjandi svæða.
- Skipulag tryggi aðgengi að almennum og áhugaverðum útivistarsvæðum og náttúrufríbær-um.
- Stefnt skal að því að eldri frístundasvæði verði deiliskipulögð.

2.5.2 Verslun og þjónusta

Í gildandi aðalskipulagi er skilgreind verslun og þjónusta VP2 og í töflu 2 má sjá ákvæði verslunar- og þjónustusvæðisins.

Tafla 2: Ákvæði fyrir verslun og þjónustu innan svæðis.

VERSLUN OG ÞJÓNUSTA			
Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
VP2	Snókagjá á Þingvöllum	Gert er ráð fyrir nýrri þjónustumiðstöð með upplýsingum og veitingasölu, einnig aðstaða fyrir þá sem selja ferðir á Þingvallasvæðinu s.s. köfunarferðir. Stærð svæðis er allt að 16 ha.	Þingvellir

Í aðalskipulaginu eru sett fram markmið fyrir verslun og þjónustu og eru þau eftirfarandi:

- Stuðlað verði að nýjum atvinnutækifærum á sviði verslunar- og þjónustu.
- Þjónusta við ferðamenn verði eflað og afþreyingarmöguleikum fjölgað til að fjölga atvinnutækifærum og renna styrkari stoðum undir byggð.
- Við skipulag þjónustusvæða verði hugað sérstaklega að öryggi gesta ásamt greiðum samgöngum og upplýsingagjöf.

Jafnframt hafa verið settar fram leiðir til þess að ná umræddum markmiðum. Hér fyrir neðan má sjá hluta þeirra leiða:

- Leitað verði eftir nýjum tækifærum á sviði ferðaþjónustu ásamt því að efla þau tækifæri sem fyrir eru.
- Á ferðamannastöðum verði hugað að öryggi ferðamanna, m.a. gagnvart vegtengingum við fjölfarna vegi.
- Unnið verði að stefnumörkun varðandi ferðaþjónustu vegna mikillar fjölgunar ferðamanna og uppbyggingar í ferðaþjónustu.
- Með umsókn um ný verslunar- og þjónustusvæði skulu fylgja ýtarlegar upplýsingar um fyrirhugaða uppbyggingu.
- Í deiliskipulagi verði skilgreint umfang og eðli verslunar- og þjónustusvæða í dreifbýli.

2.5.3 Óbyggð svæði eða svæði með takmörkunum

Stór hluti þjóðgarðsins á Þingvöllum er annars vegar skilgreindur sem óbyggt svæði og hins vegar sem opið svæði. Í gildandi aðalskipulagi er skilgreint opið svæði OP2 og í töflu 3 má sjá ákvæði þess.

Tafla 3: Ákvæði fyrir opin svæði innan svæðis.

OPIN SVÆÐI			
Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
OP2	Þingvellir	Útivistarsvæði á Þingvöllum og nágrenni. Lögð er áhersla á útivist á merktum göngustígum og reiðstígum og góðar merkingar leiða almennt.	Þingvellir

Einnig hafa verið sett markmið fyrir opin svæði:

- Lögð er áhersla á að efla möguleika á sviði útivistar

Jafnframt hefur verið sett fram leið til þess að ná umræddu markmiði:

- Auðveldað verði aðgengi að opnum svæðum með góðu skipulagi, leiðbeiningum og aðgengilegum gönguleiðum

2.5.4 Samgöngur

Þingvallavegur (nr. 36) er skilgreindur sem stofnvegur í byggð og í töflu 4 má sjá ákvæði vegarins.

Tafla 4: Ákvæði fyrir stofnvegi í byggð innan svæðis.

STOFNVEGIR Í BYGGÐ		
Nr.	Heiti	Lýsing
36	Þingvallavegur	Liggur milli Biskupstungnabrautar, austan Þrastarlundar, á Þingvelli, yfir Mosfellsheiði á hringveg við Mosfellsbæ. Gert er ráð fyrir endurbótum á veginum þar sem hann liggur gegnum Þingvallabjóðgarð.

Kaldadalsvegur (nr. 550) er skilgreindur sem stofnvegur á hálendi og í töflu 5 má sjá ákvæði vegarins. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir að lega vegarins verði færð vestar á kaflanum frá Skógarhólum og að Þingvallarvegi. Jafnframt að tenging hans við Þingvallaveg verði færð vestur fyrir Hvannagjá.

Tafla 5: Ákvæði fyrir stofnvegi á hálendi innan svæðis.

STOFNVEGIR Á HÁLENDI		
Nr.	Heiti	Lýsing
550	Kaldadalsvegur	Liggur milli Þingvalla og Reykholtisdals í Borgarfirði. Búið er að leggja slitlag á veginn frá Þingvöllum norður að Uxahryggjavegi. Gert er ráð fyrir að haldið verði áfram að byggja upp þann hluta vegarins sem eftir er, á samsvarandi hátt. Vegurinn verður færður vestar á kaflanum frá Skógarhólum að Þingvallarvegi og tenging hans við Þingvallaveg verður færð vestur fyrir Hvannagjá.

Í aðalskipulaginu eru sett fram markmið fyrir samgöngur og hér fyrir neðan má sjá hluta þeirra markmiða:

- Stuðla að endurbótum meginvega í byggð og að þeir verði byggðir upp með bundnu slitlagi.
- Nýjar vegtengingar við þjóðvegi verði lágmarkaðar og leitast við að samnýta sem mest núverandi tengingar.
- Stuðlað verði að fjölbreyttum göngu-, reið- og reiðhjólaleiðum og að þeim sé vel við haldið.

Jafnframt hafa verið settar fram leiðir til þess að ná umræddum markmiðum. Hér fyrir neðan má sjá hluta þeirra leiða:

- Bundið slitlag verði komið á sem flesta vegi í byggð á skipulagstímabilinu, forgangsverkefni verði endurbætur á vegum sem liggja að fjölförnum stöðum.
- Yfirborð stofnvega á hálendi (Kjalvegur og Kaldadalsvegur) verði vandað og varanlegt þannig að það standist sem best álag og rof af völdum umferðar, vinds og vatns.

2.5.5 Fráveita

Almennt eru gerðar meiri kröfur til hreinsibúnaðar á viðkvæmum svæðum, t.d. nálægt vatnsverndarsvæðum eða þar sem grunnvatnsstaða er há. Þá kemur fram að gera eigi nákvæmari grein fyrir hreinsivirkjum og útfærslu þeirra á deiliskipulagsstigi.

2.5.6 Verndarsvæði og minjar

Í aðalskipulaginu eru sett fram markmið fyrir verndarsvæði og minjar og eru þau eftirfarandi:

- Stuðla skal að verndun lítt raskaðra landsvæða og óbyggðra víðerna.
- Stuðlað verði að varðveislu sögu-, náttúru- og menningarminja og annarra umhverfislegra gæða.
- Merkir minja- og sögustaðir verði merktir og gerðir aðgengilegir, fornar leiðir verði endurvaktar, m.a. til að renna styrkari stoðum undir ferðapjónustu.
- Stuðlað verði að góðri umgengni um hálendið, álag verði undir þolmörkum viðkvæmra svæða og reynt að viðhalda sem stærstum óbyggðum víðernum.
- Mannvirkjagerð leiði til eins lítillar röskunar og kostur er, sérstaklega á hálendinu.
- Fornminjar verða merktar eftir því sem kostur er og upplýsingar um þær bætтар.
- Kortlagðar verði gamlar þjóðleiðir og kannaðir möguleikar á að nýta þær sem reið- og/eða gönguleiðir. Enn fremur verði hugað að verndun ýmissa eldri samgöngumannvirkja, s.s. Kóningsvegjar.
- Hugað verði að varðveislugildi eldri húsa og mannvirkja, þ.m.t. samgöngumannvirkja og vatnsaflsvirkjana frá upphafi rafmagnsaldar.
- Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja er undanfari frekara skipulags.

Jafnframt hafa verið settar fram leiðir til þess að ná umræddum markmiðum. Hér fyrir neðan má sjá stóran hluta þeirra leiða:

- Skipulag og merkingar verði bætt til að koma í veg fyrir umhverfisþjöll og til að bæta umgengni um viðkvæm svæði.
- Markvisst verði reynt að vernda náttúru- og menningarminjar á svæðinu m.a. með merkingu þeirra og aukinni fræðslu og upplýsingagjöf til ferðamanna.
- Helstu minjar/minjasvæði verði felld undir hverfisvernd og skilgreind verndarákvæði fyrir þær.
- Stuðlað verði að varðveislu birkiskóga- og birkikjarrs.
- Kóningsvegurinn verði verndaður og merktur fyrir göngufólk þar sem hann er heillegur.
- Unnið verði að lagfæringu og viðhaldi á völdum minjum, t.d. fornum bæjarstæðum, samgöngumannvirkjum og vatnsaflsvirkjunum.

Í aðalskipulagi Bláskógabyggðar er eftirfarandi ákvæði fyrir Þjóðgarðinn á Þingvöllum, sjá töflu 6.

Tafla 6: Ákvæði fyrir Þjóðgarðinn á Þingvöllum.

HEITI	LÝSING
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum var stofnaður með lögum árið 1930 og er hann um 230 km ² . Í lögnum segir að Þingvellir við Öxará skuli vera friðlýstur helgistaður allra Íslendinga, hið friðlýsta land skuli ævinlega vera eign íslensku þjóðarinnar undir vernd Alþingis og landið megi aldrei selja eða veðsetja (thingvellir.is). Þjóðgarðurinn var friðlýstur skv. lögum nr. 47/2004 um þjóðgarðinn á Þingvöllum og er hann einnig á heimsminjaskrá UNESCO. Um vatnsvernd innan þjóðgarðsins gilda ákvæði laga nr. 85/2005 um Þingvallavatn og vatnasvið þess.

2.5.7 Vatnsvernd

Vatnsverndarsvæði flokkast í þrjá flokka og eru þeir brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði. Skilgreint er vatnsból á Hakinu og í töflu 7 má sjá ákvæði fyrir VB3.

Tafla 7: Ákvæði fyrir vatnsvernd innan svæðis.

BRUNNSVÆÐI			
Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
VB3	Hakið	Vatnsból á Hakinu er þjónar byggingum á Þingvöllum.	Þingvellir

Í aðalskipulaginu eru sett fram markmið fyrir vatnsvernd og eru þau eftirfarandi:

- Lögð er áhersla á nægt framboð neysluvatns fyrir íbúa og atvinnustarfsemi.
- Áhersla verður á að tryggja vatnsgæði til framtíðar.

Jafnframt hafa verið settar fram leiðir til þess að ná umræddum markmiðum. Hér fyrir neðan má sjá hluta þeirra leiða:

- Vatnsból verði afgirt og friðuð fyrir óviðkomandi umferð.
- Engar framkvæmdir sem ógnað geti brunnsvæðum verði leyfðar á grann- eða fjarsvæðum þeirra.

2.6 Tengsl við aðrar áætlanir

2.6.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Breytingin er unnin í samræmi við Landskipulagsstefnu og tekur mið af eftirfarandi markmiðum:

- Umhverfis- og menningargæði
 - Skipulagsáætlanir sveitarfélaga marki stefnu um gæði og yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja í dreifbýli.
 - Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði leitast við að varðveita náttúru- og menningargæði sem hafa staðbundið, eða víðtækara, gildi út frá sögu, náttúrufari eða menningu.
- Ferðaþjónusta í sátt við náttúru og umhverfi
 - Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði leitast við að greina sérstöðu, styrkleika og staðaranda viðkomandi svæðis með tilliti til tækifæra í ferðaþjónustu.

Aðalskipulagsbreytingin er í samræmi við landsskipulagsstefnu.

2.6.2 Vatnaáætlun Íslands 2022-2027

Í vatnavefsja er gerð grein fyrir ástandi vatnshlota á landinu í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er skv. 1. gr. að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnum vatns-gæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.

Tvö vatnshlot eru í nágrenni við skipulagssvæðið og eru það Þingvallavatn og Öxará 1. Í vatnavefsja kemur fram að vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand vatns sé gott¹⁴.

2.6.3 Deiliskipulag

Á svæðinu er í gildi deiliskipulagið *Aðkoma að Þjóðgarði í landi Brúsastaða og Svartagils*. Gerðar hafa verið fjórar breytingar á því sem allar eiga við svæðið á og við Hakið. Við ferkari vinnu á deiliskipulagsstigi þarf að horfa til þess að samræma áform um uppbyggingu á svæðinu. Þá er gert ráð fyrir að hluti af gildandi skipulagi minnki og nýtt deiliskipulag taki gildi.

2.6.4 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum – Friðlýsing

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum er friðlýstur samkvæmt lögum nr. 47/2004 og um svæðið gildir reglugerð um þjóðgarðinn á Þingvöllum, verndun hans og meðferð nr. 848/2005. Árið 2004 voru Þingvellir skráðir á heimsmínjaskrá UNESCO sem menningarminjar. Í lögnum kemur fram að land þjóðgarðsins skal vera friðað í því skyni að varðveita ásýnd þess sem helgistaðar þjóðarinnar og til þess að viðhalda upprunalegu náttúrufari eins og kostur er. Þá skulu jarðmyndanir, gróður og dýralíf á svæðinu friðað. Jafnframt kemur fram að almenningur skuli eiga kost á að njóta svæðisins samkvæmt þeim reglum sem Þingvallanefnd setur.

Stefna ÞingvallanefndarÞingvallanefnd starfar undir Alþingi og hefur Þingvallanefnd markað stefnu fyrir þjóðgarðinn á Þingvöllum sem gildir til ársins 2034¹⁵. Í stefnunni kemur fram að fjölda bílastæða innan þjóðgarðsins verði stýrt í samræmi við þann fjölda gesta sem unnt er að taka á móti án þess að náttúra eða sögulegar minjar hljóti skaða af. Jafnframt kemur fram að akstur bíla eigi ekki að spilla yfirbragði og kyrrð þjóðgarðsins.

Stígakerfið hefur mikið hlutverk í þjóðgarðinum og er það flokkað þannig að hlutverk og þjónustustig hvers stígs sé skýrt og að kerfið sé skipulagt í samræmi við verndarmarkmið, álag og ólíkar þarfir gesta. Í landnotkunarstefnu er þjóðgarðinum skipt upp í 12 reiti. Aðalskipulagsbreyting þessi á við um tvo reiti S1 og S7. Í markmiðum fyrir vestari barm sigdældarinnar (S1) kemur fram beina skuli mannvirkjagerð inn á svæðið til þess að halda í lágmarki mannvirkjagerð innan sigdældarinnar. Svæðið sé síður viðkvæmt með hliðsjón af náttúrufari og menningarminjum og að lágrest mannvirki séu ekki sýnileg frá kjarnasvæði í sigdældinni. Þá sé gert ráð fyrir mannvirkjagerð m.a. við Langastíg og við gatnamót

¹⁴ Stjórn vatnamála (á.á). *Vatnavefsja*. Sótt þann 11. des 2023 á síðu vatnavesja.vedur.is

¹⁵ Þingvellir Þjóðgarður (2019). *Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, Stefnumörkun*.

nýs Kaldadalsvegur og að þau þróist í samræmi við þarfir þjóðgarðsins fyrir aðstöðu til að taka á móti gestum. Þá skulu mannvirki vera lítt eða ekkert sýnileg frá þinghelginni og falla vel að umhverfi. Jafnframt kemur fram að vernda skuli hraunmyndanir og gróður fyrir ágangi og viðhalda náttúrulegu ástandi og ásýnd.

Í landnotkunarstefnu fyrir sumarhúsasvæði við Valhallarstíg og í Rauðukusunesi (S7) kemur fram að gera þurfi úrbætur í frárennismálum margra sumarhúsa og tryggja hæfilegan aðskilnað rotþróa og vatnsbóla. Í stefna fyrir þetta svæði kemur fram að í deiliskipulagi skuli kveðið á um atriði sem lúta að ásýnd, gróðurfari og aðgengi. Þá kemur fram að umhverfi sumarhúsa byggðarinnar sé snortið og tryggja þurfi að svæðið stingi ekki frekar í stúf og því ekki leyfðar byggingar á þessu svæði né það stækkað. Í stefnunni eru einnig ákvörðuð svæði fyrir mannvirkjagerð og er svæðið við Langastíg (A2) eitt þeirra. Þar kemur fram að hlutverk svæðisins, A2 Langistígur, sé aðkomusvæði þar sem hægt sé að leggja bíl og ganga ofan í sigdældina. Fyrirhuguð uppbygging er að mestum hluta í samræmi við stefnu Þingvallanefndar. Breytingin gengur gegn stefnu Þingvallanefndar varðandi uppbyggingu við Valhallarstíg og í Rauðukusunesi (S7).

2.6.5 Minjaskráning

Tvær fornleifaskráningar hafa farið fram á Þingvallarsvæðinu. Annars vegar Fornleifaskráning í Þjóðgarðinum á Þingvöllum frá árinu 2020 og hins vegar Fornleifaskráning innan Þjóðgarðsins á Þingvöllum vegna deiliskipulags frá árinu 2023.

Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdartíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, verður þegar haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

Í deiliskipulagi verður gerð grein fyrir þekktum minjum og mögulegum áhrifum.

2.6.6 Vatnsverndarsvæði Þingvallavatns

Svæðið er allt innan vatnsverndarsvæðis Þingvallavatns. Innan verndarsvæðisins er óheimilt að gera nokkuð það sem getur spillt vatni eða mengað það, bæði yfirborðsvatn og grunnvatn samkvæmt lögum um verndun Þingvallarvatns og vatnasviðs þess nr. 85/2005.

3. BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Gerð er breyting á greinargerð og aðalskipulagsupprætti. Stefna í gildandi skipulagi gildir, fyrir utan ný eða breytt ákvæði sem sett eru hér fram eftir kaflaröð gildandi aðalskipulags.

3.1. Frístundabyggð

Stefna um frístundabyggð er óbreytt frá gildandi skipulagi en svæði F12 minnkar.

Ákvæði í gildandi skipulagi

Tafla 8: Gildandi ákvæði fyrir frístundabyggð.

FRÍSTUNDABYGGÐ			
Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
F12	Innan þjóðgarðs á Þingvöllum	Ekkert deiliskipulag í gildi. Um 70 lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 75 ha.	Kárastaðir, Brúsastaðir

Ákvæði í breyttu skipulagi

Tafla 9: Ákvæði í breyttu skipulagi fyrir frístundabyggð.

FRÍSTUNDABYGGÐ			
Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
F12	Innan þjóðgarðs á Þingvöllum	Ekkert deiliskipulag í gildi. Um 70 lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 74 ha.	Kárastaðir, Brúsastaðir

3.2. Verslun og þjónusta

Stefna um verslunar- og þjónustusvæði breytist. Verslunar- og þjónustusvæðið VP2 stækkar um 11,4 ha. Síðan er bætt við nýju verslunar og þjónustusvæði við Valhallarstíg Nyrðri 8 sem fær númerið VP50.

Ákvæði í gildandi skipulagi

Tafla 10: Gildandi ákvæði fyrir verslun og þjónustu.

VERSLUN OG ÞJÓNUSTA			
Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
VP2	Snókagjá á Þingvöllum	Gert er ráð fyrir nýrri þjónustumiðstöð með upplýsingum og veitingasölu, einnig aðstaða fyrir þá sem selja ferðir á Þingvallasvæðinu s.s. köfunarferðir. Stærð svæðis er allt að 16 ha.	Þingvellir

Ákvæði í breyttu skipulagi

Tafla 11: Ákvæði í breyttu skipulagi fyrir verslun og þjónustu.

VERSLUN OG ÞJÓNUSTA			
Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
VP2	Snókagjá á Þingvöllum	<p>Gert er ráð fyrir tveimur aðskildum miðstöðum. Annars vegar nýrri þjónustumiðstöð fyrir þjóðgarðinn (á vestari barmi sigdældarinnar) og hins vegar nýrri miðstöð fyrir rekstraraðila (við nýjan Kaldadalsveg).</p> <p>Heimilt er að byggja átta byggingar á einni hæð en samanlagt heildar byggingarmagn er 7.000 m². Þar af er gert ráð fyrir að heildar byggingarmagn á svæðinu fyrir nýja þjónustumiðstöð fyrir þjóðgarðinn (á vestari barmi sigdældarinnar) verði að hámarki 4.000 m² og hámarks byggingarmagn fyrir nýja miðstöð fyrir rekstraraðila (við nýjan Kaldadalsveg) verði að hámarki 3.000 m².</p> <p>Byggingar, bílastæði og önnur mannvirki skulu taka mið af landslagi og skulu þær felldar að landinu. Gert er ráð fyrir að samanlagður heildar fjöldi bílastæða verði að hámarki 700 talsins. Leita skal leiða til þess að draga úr neikvæðum sjónrænum áhrifum af bílastæðum t.d. með því að brjóta þau</p>	Þingvellir

VERSLUN OG ÞJÓNUSTA			
		<p>upp eða nýta staðarefni til þess að fell þau að landinu. Þá skal gera ráð fyrir rafhleðslustöðvum á bílastæðum. Einnig skal nýta svarðlag af röskuðum svæðum í frágang jaðra og annara raskaðra svæða.</p> <p>Útfæra skal öll umferðarmannvirki þannig að hámarks öryggi allra vegfarenda verði tryggt og skal nánari útfærsla skal fara fram á deiliskipulagsstigi. Jafnframt skal skoða að áfangaskipta framkvæmdum og uppbyggingu á deiliskipulagsstigi.</p> <p>Tryggja skal að engin hætta sé á mengun grunnvatns af völdum uppbyggingar, starfsemi eða framkvæmda. Allar framkvæmdir og starfsemi sem talin er líkleg til þess að ógna öryggi vatnsöflunar og lífríkis er bönnuð. Á deiliskipulagsstigi skal útfæra frágang bílastæða þannig að hætta af völdum olíu- eða eldsneytisleka frá faratækjum sé lágþörkuð. Þá skal vera til aðgerðaráætlun kom til mengunarslyss s.s. á vegum eða við miðstöðvar. Jafnframt skal á deiliskipulagsstigi gera grein fyrir fráveitulausnum.</p> <p>Stærð svæðis er allt að 27,4 ha.</p>	
VP50	Valhallarstígur Nyrðri 8	<p>Gert er ráð fyrir veitingasölu, verslun og þjónustu fyrir ferðamenn. Jafnframt er heimilt að nýta húsakost í þágu þjóðgarðsins s.s. fyrir landverði og nema. Einungis er ger ráð fyrir fáum bílastæðum innan svæðis s.s. fyrir heyfihamlaða og síðan svæðis til þess að taka á móti farmflutningum. Mannvirki skulu taka mið af landslagi og umhverfi. Svigrúm er fyrir breytingar á núverandi húsi. Byggingar skulu vera lágrestar á 1-2 hæðum. Hámarks byggingarmagn er 400 m². Stærð svæðis er 0,5 ha.</p>	Þingvellir

3.3. Óbyggt svæði

Óbyggt svæði minnka til samræmis við breytingar á afmörkun annarra svæða. Stefnan er áfram sú sama.

3.4. Stofnvegir á hálendi

Stefna um stofnvegi á hálendi er óbreytt frá gildandi skipulagi en veglína Kaldadalsvegur (nr. 550) færirst u.þ.b. 90 metra til vesturs, og tengist Þingvallavegi vestar en áður var gert ráð fyrir.

3.5. Vatnsvernd

Stefna um vatnsvernd er óbreytt frá gildandi skipulagi en bætt er við tveimur nýjum brunnsvæðum ásamt grannsvæði og fjarsvæði.

Ákvæði í breyttu skipulagi

Tafla 12: Ákvæði í breyttu skipulagi fyrir brunnsvæði.

BRUNNSVÆÐI			
Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
VB26	Langistígur	Vatnsból í grennd við Langastíg sem ætlað er að þjóna fyrirhugaðri þjónustumiðstöð þjóðgarðsins.	Þingvellir
VB27	Svartagilsland	Vatnsból í landi Svartagils sem ætlað er að þjóna fyrirhugaðri miðstöð rekstraraðila á Þingvallasvæðinu.	Þingvellir

Grannsvæði

Tafla 13: Ákvæði í breyttu skipulagi fyrir grannsvæði.

GRANNSVÆÐI			
Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
VG1	Snókagjá	Vatnsverndarsvæði. Sameiginlegt grannsvæði fyrir brunnsvæðin VB26 og VB27 á Þingvöllum	Þingvellir

Fjarsvæði

Tafla 14: Ákvæði í breyttu skipulagi fyrir fjarsvæði.

FJARSVÆÐI			
Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
VF1	Snókagjá	Vatnsverndarsvæði. Sameiginlegt fjarsvæði fyrir brunnsvæðin VB26 og VB27 á Þingvöllum	Þingvellir

4. UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Líkleg áhrif af stefnu aðalskipulagsbreytingarinnar eru metin skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Markmið laganna er sjálfbær þróun, heilnæmt umhverfi og umhverfisvernd sem vinna skal að með umhverfismati framkvæmda og áætlana sem eru líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Í umhverfismatsskýrslu fyrir aðalskipulagsbreytingu er leitast við að gera grein fyrir tengslum og samræmi við aðrar áætlanir og stefnur sem taka þarf tillit til eða geta haft áhrif á breytinguna. Helstu stefnur og áætlanir má sjá í kafla 2.

Í skipulagsgerð er mat á áhrifum aðalskipulagsbreytingarinnar mikilvægt og nýtist m.a. til að bregðast við hugsanlega neikvæðum umhverfisáhrifum með breytingu á stefnu eða mótun á mótvægis- aðgerðum. Mat á áhrifum mun byggja á fyrirliggjandi upplýsingum um grunnástand umhverfis.

4.1. Vægi umhverfisáhrifa

Í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um umhverfismat áætlana segir; „*Vægi umhverfisáhrifa fer almennt eftir eðli, gerð, umfangi, tíðni og tímalengd breytinganna sem eru fyrirséðar á umhverfinu.*“ Við mat á vægi áhrifa er litið til þess hvort áhrifin séu marktæk á svæðis-, lands-, eða heimsvísu og nái til fjölda fólks og þess hvort áhrifin séu óafturkræf og til langs tíma. Áhrifin geta verið jákvæð, neikvæð, óveruleg, engin eða óviss.

4.2. Umhverfisþættir, matsspurningar og viðmið

Umhverfisþáttur er tiltekinn þáttur, s.s. gróðurfar, landslag eða félagslegir þættir, sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum af framkvæmdum og aðgerðum sem leiðir af þeirri stefnu sem skoðuð er hverju sinni. Áhrif af stefnu aðalskipulagsbreytingarinnar á einstaka þætti umhverfisins eru metin. Við matið er horft til neðan greindra umhverfisþátta og leitast við að svara matsspurningum:

Tafla 15. Umhverfisþættir, helstu matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNINGAR	UMHVERFISVIÐMIÐ
Land og landslag <i>Landslag.</i> <i>Jarðmyndanir.</i> <i>Ásýnd og yfirbragð.</i>	Hefur áætlunin áhrif á landslag? Hefur áætlunin áhrif á jarðmyndanir? Hefur áætlunin áhrif á ásýnd og yfirbragð svæðis?	Stefna í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, stefnumörkun. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013 (61. gr.)
Gróður og dýr <i>Gróðurlendi og vistkerfi.</i> <i>Búsvæði dýra.</i>	Hefur áætlunin áhrif á gróður og vistkerfi? Hefur áætlunin áhrif á búsvæði dýra?	Stefna í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, stefnumörkun. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013 (61. gr.)
Heilbrigði <i>Mengun.</i> <i>Öryggi.</i>	Er hættu á mengun vegna áætlunarinnar? Hefur áætlunin áhrif á umferðaröryggi? Hefur áætlunin áhrif á gæði og öflun neysluvatns?	Stefna í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026. Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns nr. 533/2001. Reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999.
Samfélag <i>Atvinnulíf.</i>	Hefur áætlunin áhrif á upplifun gesta? Hefur áætlunin áhrif á atvinnutækifæri? Hefur áætlunin áhrif á dvalargesti í frístundabyggð?	Stefna í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026.
Náttúru- og menningarminjar <i>Fornminjar.</i> <i>Verndarsvæði.</i>	Hefur áætlunin áhrif á fornminjar? Hefur áætlunin áhrif á verndarsvæði?	Stefna í aðalskipulagi. Fornleifaskráning í þjóðgarðinum. Lög um menningarminjar nr. 80/2012. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, stefnumörkun. Lög um þjóðgarðinn á Þingvöllum nr. 47/2004
Vatnafar	Hefur áætlunin áhrif á vatnasvið Þingvallavatns ?	Reglugerð um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns nr. 650/2006.
Loft	Hefur áætlunin áhrif á loftgæði og losun gróðurhúsalofttegunda?	Landsskipulagsstefna 2015-2026.

4.3. Valkostir og samanburður

Í valkostagreiningu sem gerð var í upphafi vinnunnar þá voru bornir saman fjórir valkostir fyrir staðsetningu á nýrri þjónustumiðstöð fyrir þjóðgarðinn og voru þeir eftirfarandi:

- Tillaga 1: Staðsetning þjónustumiðstöðvar og bílastæða sunnan við Þingvallaveg, í u.þ.b. 200 metra fjarlægð suðvestan við núverandi bílastæði við enda Langastígs.
- Tillaga 2: Staðsetning þjónustumiðstöðvar og bílastæða sunnan Þingvallavegar við fyrirhuguð ný gatnamót við Kaldadalsveg. Staðsetning er þá í um 400 metra fjarlægð norðaustan við núverandi bílastæði við enda Langastígs og sunnan Þingvallavegar.
- Tillaga 3: Staðsetning þjónustumiðstöðvar og bílastæða norðan við Þingvallaveg við fyrirhuguð ný gatnamót við Kaldadalsveg. Staðsetning er þá í um 400 metra fjarlægð norðaustan við núverandi bílastæði við enda Langastígs, en handan Þingvallavegar.
- Tillaga 4: Staðsetning þjónustumiðstöðvar norðan við núverandi tjaldsvæði og á móts við núverandi þjónustumiðstöð á Leirum.. Þjónustumiðstöðvar og bílastæði suðaustan gatnamóta Þingvallavegar og Vallavegar, á móts við núverandi þjónustumiðstöð á Leirum og núverandi tjaldsvæðis.

Í valkostagreiningunni voru metnir kostir og gallar ýmissa þátta s.s. fjarlægð frá helstu áningarstöðum, útsýni, ásýnd, aðdráttarafl, kostnaður við uppbyggingu stíga, röskun á gróðri, röskun á hraunmyndunum, fráveitumál og framtíðar stækkunarmöguleikar.

Niðurstaða valkostagreiningarinnar var tillaga 1, þar sem eftirfarandi kostir voru við þá staðsetningu. Stutt ganga er frá þjónustumiðstöð að þinghelginni. Til verður hæfilega löng gönguleið milli núverandi þjónustumiðstöðvar á Hakinu og nýrrar miðstöðvar. Frá nýrri þjónustumiðstöð verður gott útsýni til suðurs og austurs. Nýr göngustígur niður gjána og gegn um Furulund getur orðið aðdráttarafl fyrir svæðið og skapað nýja upplifun fyrir gesti. Öxarárfoss er í stuttu göngufæri. Nægt pláss er til að fjölga bílastæðum í framtíðinni og lítið er um gróður á svæðinu sem myndi raskast vegna framkvæmda.

Tillaga 1 hefur einnig í för með sér ókosti og eru þeir: Uppbygging stíga niður gjána gæti verið kostnaðarsöm. Byggingar munu á ákveðnum tímamarki skyggja á Þingvallavatn þegar ekið er um Þingvallaveg. Einnig munu byggingar hafa áhrif á fjallasýn. Hliðargjá Stekkjargjár mun raskast vegna uppbyggingar en hún er svo til ósnortin. Ásýnd Furulundar mun breytast og gert er ráð fyrir að fella þurfi tré úr lundinum. Röskun mun verða á hraunmyndunum og óbyggðum svæðum. Þá eru fráveitumál flókin á svæðinu og þarf að gera sérstakar ráðstafanir vegna þeirra¹⁶.

Í umhverfismatsskýrslu þessari er gengið út frá völdum kosti (tillögu 1 hér að framan) varðandi uppbyggingu á þjónustumiðstöð fyrir þjóðgarðinn. Gerð er grein fyrir líklegum áhrifum annars vegar af þjónustumiðstöð á vesturbakka sigdældarinnar og hins vegar áhrifum af nýju verslunar- og þjónustusvæði við Valhallarstíg.

4.4. Stækkun á verslunar- og þjónustusvæði Vþ2, ásamt nýjum vatnsbólum og verndarsvæðum

Eftirfarandi valkostir eru bornir saman:

- Valinn kostur – Breytt aðalskipulag. Heimilt er að byggja tvær nýjar þjónustumiðstöðvar á vestari barmi sigdældarinnar. Mannvirki á einni hæð og heildar byggingarmagn allt að 7.000 m². Gert ráð fyrir allt að 700 bílastæðum og nýjum göngustígum. Vegtenging Kaldadalsvegur við Þingvallaveg er færð 90 m vestar.
- Núll kostur – Gildandi aðalskipulag. Heimilt er að byggja nýja þjónustumiðstöð á vestari barmi sigdældarinnar.

Hér á eftir er greint frá áhrifum af breyttri stefnu og gildandi skipulagi.

Valinn kostur

Áhrif á land og landslag eru metin neikvæð. Gerð innviða raskar landi og jarðmyndunum ásamt því að breyta ásýnd svæðisins. Einnig eru mannvirki sýnileg þegar ekið er um Þingvallaveg. Settir eru skilmálar um að nýta skuli uppgröft og yfirborðsefni við frágang svæða og umhverfis mannvirki til að draga úr ásýnd þeirra og umfangi.

Áhrif á gróður og dýr eru metin jákvæð/neikvæð. Þó ekki sé mikill gróður á þeim svæðum sem urðu fyrir valinu fyrir nýjar þjónustumiðstöðvar þá mun gerð innviða, t.d. bílastæða, göngustíga og

¹⁶ Landslag (á.á). *Mögulegir staðsetningarmöguleikar þjónustumiðstöðvar*. Óbirt minnisblað.

þjónustubygginga, raska þeim gróðri sem er til staðar. Nýir innviðir eru líklegir til þess að hlífa gróðri utan framkvæmdasvæða því með betri innviðum þá fylgja gestir t.d. frekar stígum en ganga utan þeirra. Settir eru skilmálar um að nýta skuli svarðlag við frágang svæða og umhverfis mannvirki.

Áhrif á heilbrigði eru metin óveruleg/óviss. Frá þeim hluta fyrirhugaðrar þjónustumiðstöðvar sem verður í landi Svartagils norðan Þingavallavegar verður um 1,5 km ganga að Þinghelginni. Þá þarf að huga að umferðaröryggi akandi sem og öryggi óvarinna vegfarenda sem þurfa að komast yfir/undir Þingvallaveg, ásamt vegtengingu miðstöðvarinnar við Þingvallaveg. Líklegt er að umferð að og frá Þingvöllum aukist á næstu árum ef ferðamönnum heldur áfram að fjölga. Áhrif af því og færslu Kalda-dalsvegjar eru óviss.

Jafnframt er gert ráð fyrir áætlunarbílum frá þjónustumiðstöðvunum og að nokkrum áningarstöðum innan sigdældarinnar og dregur það verulega úr almennri umferð innan hennar ásamt því að hluta núverandi bílastæða verður lokað. Útfærsla umferðarmannvirkja hefur mikið að segja um umferðaröryggi vegfarenda. Gerð nýrra innviða eru líkleg til þess að stuðla að betri umferðarstýringu. Gert er ráð fyrir að útfærsla umferðarmannvirkja verði þannig að hún hámarki öryggi allra vegfarenda og eru settir skilmálar um að það skuli gert.

Með tilkomu á nýjum borholum fyrir neysluvatn og afmörkun vatnsverndarsvæða er gert ráð fyrir að gott neysluvatn verði tryggt.

Gert er ráð fyrir að gengið verði frá fráveitu á fullnægjandi hátt til að koma í veg fyrir mengun.

Áhrif á samfélag eru metin jákvæð/óviss. Nýjar þjónustumiðstöðvar og gerð annarra nýrra innviða eru líkleg til þess að stuðla að meiri atvinnusköpun og betri þjónustu við gesti, bæði á Þingvallasvæðinu og einnig á stærra svæði.

Samkvæmt könnun sem gerð var á árunum 2014-2015 töldu 20% gesta á Þingvöllum að of margir ferðamenn væru á svæðinu yfir sumartímenn. Síðan þessi könnun var gerð hefur verið unnið að umbótum og gerð nýrra innviða sem eru til þess að draga úr álagi, dreifa og stýra gestum. Með bættri þjónustu og betra aðgengi má ætla að ferðamönnum fjölgi enn frekar og því má leiða að því líkur að sá fjöldi gesta sem upplifir mannmergð á neikvæðan hátt hafi mögulega fjölgað eða geti fjölgað til framtíðar litið.

Áhrif á náttúru- og menningarminjar eru metin óveruleg/óviss. Rík áhersla er á að uppbygging á Þingvallasvæðinu taki tillit til náttúru- og menningarminja. Skráðar minjar eru á svæðinu og nánari útfærslu og verndunarskilmála er þörf á deiliskipulagsstigi.

Áhrif á vatnafar er metið óverulegt. Á svæðinu er rík krafa um hreinsun á fráveitu og gert er ráð fyrir að þeim kröfum verði fylgt eftir í deiliskipulagi.

Áhrif á loft er metið jákvætt/neikvætt. Með því að draga úr umferð innan sigdældarinnar má bæta loftgæði gangandi gesta á þeim hluta svæðisins. Búast má við að gestum haldi áfram að fjölga og mun útblástur gróðurhúsalofttegunda aukast þar sem flestir gestir koma til Þingvalla á bílaleigubíl eða einkabíl. Þó er reiknað með að bílum sem nýta umhverfisvæna orkugjafa fjölgi og að til framtíðar litið dragi úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna umferðar.

Núll kostur

Áhrif á land og landslag eru metin neikvæð. Gerð innviða raskar landi og jarðmyndunum ásamt því að breyta ásýnd svæðisins. Ekki eru settir skilmálar um stærð mannvirkja eða frágang svæðisins.

Áhrif á gróður og dýr eru metin neikvæð. Þó ekki sé mikill gróður á svæði sem ætlað er fyrir þjónustumiðstöð þá mun gerð innviða raska þeim gróðri sem er til staðar. Ekki eru settir skilmálar um frágang svæðisins né að nýta skuli svarðlag eða yfirborðsefni við frágang svæðis.

Fyrirhugaðar framkvæmdir við nýja þjónustumiðstöð mun fara fram innan verslunar- og þjónustusvæðis VP2. Reiturinn er minni en í breyttu skipulagi sem hefur það í för með sér að minna svigrúm er fyrir staðarval mannvirkja innan reits, en jafnframt má ætla að minna land verði fyrir raski.

Áhrif á heilbrigði eru metin óviss/óveruleg. Huga þarf að umferðaröryggi þar sem gera þarf nýja vegtengingu við Þingvallaveg til að komast að þjónustumiðstöð. Gert er ráð fyrir að gengið verði frá fráveitu á fullnægjandi hátt til að koma í veg fyrir mengun. Veglína Kaldadalsvegur á gildandi aðalskipulagi er upprunnin frá Vegagerðinni svo tryggt á að vera að vegtenging við Þingvallaveg uppfylli staðla.

Áhrif á samfélag eru metin jákvæð/neikvæð. Ný þjónustumiðstöð er líkleg til að stuðla að meiri atvinnusköpun og betri þjónustu við gesti, bæði á Þingvallasvæðinu og einnig á stærra svæði. Stefnan hefur áhrif á upplifun gesta á svæðinu. Árið 2016 töldu 20% ferðamanna að of margir ferðamenn væru á svæðinu yfir sumartímann. Síðan þessi könnun var gerð hefur verið unnið að umbótum og gerð nýrra innviða sem eru til þess að draga úr álagi, dreifa og stýra gestum. Með bættri þjónustu og betra aðgengi má ætla að ferðamönnum fjölgi enn frekar og því má leiða að því líkur að sá fjöldi gesta sem upplifir mannmörgð á neikvæðan hátt hafi mögulega fjölgað eða geti fjölgað til framtíðar litið.

Áhrif á náttúru- og menningarminjar eru metin óveruleg/óviss. Í gildandi skipulagi er stefna um að stuðla skuli að vernd náttúru- og menningarminja. Búið er að skrá menningarminjar og því á að vera hægt að taka tillit til þekktra minja við framkvæmdir.

Áhrif á vatnafar er metið óverulegt. Í gildandi skipulagi eru gerðar meiri kröfur til hreinsibúnaðar fráveitu á viðkvæmum svæðum og að gera skuli nákvæma grein fyrir hreinsivirkjum og útfærslu þeirra á deiliskipulagsstigi.

Áhrif á loft er metið jákvætt/neikvætt. Búast má við að með tilkomu nýrrar þjónustumiðstöðvar þá fjölgi gestum. Við það eykst útblástur gróðurhúsalofttegunda þar sem flestir gestir koma til Þingvalla á bílaleigubíl eða einkabíl. Þó er reiknað með að bílum sem nýta umhverfisvæna orkugjafa fjölgi og að til framtíðar litið dragi úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna umferðar.

4.5. Nýtt verslunar- og þjónustusvæði við Valhallarstíg

Eftirfarandi valkostir eru bornir saman:

- Valinn kostur – gert er ráð fyrir allt að 400 m² verslun- og þjónustu ásamt bílastæðum.
- Núll kostur – gildandi skipulag, svæðið verður áfram frístundabyggð.

Valinn kostur

Áhrif á land og landslag eru metin óveruleg. Byggð við Þingvallavatn á sér langa sögu, landi hefur verið raskað að hluta til vegna uppbyggingar frístundabyggðar. Fyrirhuguð uppbygging á sér stað á afmörkuðu svæði. Byggingar og starfsemi tengd ferðaþjónustu mun alltaf breyta ásýnd svæðisins ásamt umferð að og frá. Settir eru skilmálar um að mannvirki skuli taka mið af landslagi og umhverfi.

Áhrif á gróður og dýrlíf eru metin óveruleg. Landi hefur að hluta til verið raskað vegna frístundabyggðar og gróðursettar hafa verið erlendar trjategundir.

Áhrif á heilbrigði eru metin óveruleg. Aðkoma að svæðinu er um Valhallarveg og Valhallarstíg en gert er ráð fyrir að takmarkaður verði enn frekar akstur ökutækja í og við svæðið. Jafnframt er gert ráð fyrir að gestir leggi ökutækjum við núverandi eða fyrirhugaðar þjónustumiðstöðvar og komi gangandi eða nýti sér áætluðarferðir innan svæðisins. Neysluvatn kemur frá borholu skammt frá húsi. Í gildandi skipulagi eru gerðar meiri kröfur til hreinsibúnaðar fráveitu á viðkvæmum svæðum og að gera skuli nákvæma grein fyrir hreinsivirkjum og útfærslu þeirra á deiliskipulagsstigi.

Áhrif á samfélag eru metin jákvæð/neikvæð. Með uppbyggingu á nýju verslunar og þjónustusvæði við Valhallarstíg Nyrðri 8 mun þjónusta við gesti aukast. Þá er líklegt að stefnan stuðli að aukinni atvinnusköpun. Meiri aðsókn að svæðinu getur haft neikvæð áhrif á dvalargesti í frístundabyggð.

Áhrif á náttúru- og menningarminjar eru metin óveruleg. Á svæðinu er ein fornleif skráð og svæðið tilheyrir menningarlandslaginu við Þingvelli. Í gildandi skipulagi er stefna um að stuðla skuli að vernd náttúru- og menningarminja. Búið er að skrá menningarminjar og því á að vera hægt að taka tillit til þekkra minja við framkvæmdir.

Áhrif á vatnafar er metið óverulegt. Með fjölgun gesta eykst það magn sem fer í fráveitu og er mikil nánd við Öxará og Þingvallavatn. Rík krafa er um hreinsun á fráveitu á Þingvallasvæðinu. Ef gengið er frá fráveitu á fullnægjandi hátt á ekki að vera hætta á mengun vegna hennar.

Áhrif á loft er metið óverulegt. Fyrirhuguð uppbygging er smá í sniðum og ekki er gert ráð fyrir aukinni bílaumferð í nágrenni svæðisins. Meiri þjónusta er líkleg til þess að auka aðsókn og hafa þannig áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda. Til framtíðar litið má reikna með fleiri bílum sem nýta umhverfisvæna orkugjafa og að þá dragi úr losun vegna umferðar.

Núll kostur

Áhrif á land og landslag eru metin óveruleg. Svæðið hefur byggst upp sem frístundabyggð, landi hefur verið raskað að hluta til og hafa verið gróðursettar erlendar trjategundir.

Áhrif á gróður og dýrlíf eru metin óveruleg. Staðargróðri hefur að hluta til verið raskað vegna frístundabyggðar og gróðursettar hafa verið erlendar trjategundir.

Áhrif á heilbrigði eru metin óveruleg. Neysluvatn kemur frá borholu skammt frá húsi. Á svæðinu eru gerðar meiri kröfur til hreinsibúnaðar fráveitu og reiknað er með að svo sé varðandi byggð á svæðinu.

Áhrif á samfélag eru metin óveruleg. Svæðið verður áfram byggt sem frístundabyggð og þjónustað sem slíkt.

Áhrif á náttúru- og menningarminjar eru metin óveruleg. Á svæðinu er ein fornleif skráð og svæðið tilheyrir menningarlandslaginu við Þingvelli. Í gildandi skipulagi er stefna um að stuðla skuli að vernd náttúru- og menningarminja.

Áhrif á vatnafar eru óveruleg. Sé gengið frá fráveitu á fullnægjandi hátt er ekki gert ráð fyrir áhrifum á vatnafar.

Áhrif á loft er metið óverulegt. Frístundabyggð verður áfram við Þingvallarvatn og einhver umferð að henni og frá.

4.6. Niðurstaða umhverfismats

Fyrirhugaðar framkvæmdir á Þingvallasvæðinu munu raska gróðri og jarðmyndunum og jafnframt hafa áhrif á ásýnd og landslag, alveg sama hvaða leið verður valin til uppbyggingar. Þó er hægt að draga úr neikvæðum áhrifum með góðu staðarvali og aðlögun mannvirkja að landinu umhverfis, s.s. hvað litaval mannvirkja varðar og að nýta svarðlag og jarðveg sem til fellur til að móta umhverfið og minnka sýnileika mannvirkja. Hvað bílastæði varðar er æskilegt að þau séu brotin upp, t.d. með gróðri/jarðvegi, til að þau virki minni.

Meiri þjónusta eykur atvinnutækifæri og ætla má að þjónusta við ferðamenn verði betri/fjölbreyttari og hægt verður að þjónusta fleiri gesti á hverjum tíma. Í því sambandi þarf að hafa í huga að 20% gesta töldu að fjöldi ferðamanna væri of margir eða heldur margir á svæðinu, í könnun sem gerð var sumrin 2014-2015. Mikilvægt er að hafa í huga að ferðamönnum á landinu hefur fjölgað talsvert síðan þá og má draga þá ályktun að þessi tala hafi ekki lækkað. Mikilvægt er að stuðla að góðri umferðarstýringu með það að markmiðið að vernda einstaka náttúru og menningarminjar, stuðla að jákvæðri upplifun gesta og koma í veg fyrir að svæðið láti á sjá vegna fjölda gesta.

Innan þjóðgarðsins á Þingvöllum eru ríkar kröfur um hreinsun fráveitu og mikilvægt að hún verði útfærð samkvæmt þeim. Í deiliskipulagi er mikilvægt að skoða umferð um svæðið og leita leiða til að hámarka umferðaröryggi allra vegfarenda. Rík áhersla er á að uppbygging taki tillit til náttúru- og menningarminja. Þá eru ákvæði sem sett eru í breyttri stefnu líkleg til þess að draga úr neikvæðum áhrifum af byggingaráformum. Sveitarfélagið leggur áherslu á að uppbygging verði vel ígrunduð og stuðli að jákvæðri framþróun á svæðinu ásamt varðveislu einstakra menningarminja þjóðarinnar.

5. MÁLSMEÐFERÐ OG UMSAGNARAÐILAR

5.1. Skipulags- og matslýsing

Skipulagslýsing var auglýst og kynnt frá 19. október til 10. nóvember 2023. Við skipulagslýsinguna bárust 6 umsagnir frá: Brunavörnum Árnæssýslu, Skipulagsstofnun, Vegagerðinni, Minjastofnun Íslands, Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirliti Suðurlands. Eftir því sem við á hefur verið tekið tillit til athugasemda.

5.2. Umsagnaraðilar

Sérstaklega verður óskað eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum við þessa aðalskipulagsbreytingu, og á öðrum stigum í skipulagsferlinu.

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Þingvallanefnd
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Vegagerðin
- Viðeigandi nefndir og deildir innan Bláskógabyggðar
- Aðliggjandi sveitarfélög
- Ferðamálastofa
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- ISOR

5.3. Skipulagsferlið

Gert er ráð fyrir að skipulagstillaga verði kynnt í byrjun árs 2024, auglýst á vormánuðum 2024 og taki gildi seinni hluta árs 2024.